

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjaness 5. desember 2006 í máli nr. S-1118/2006:**

### Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

**gegn**

### Jens Jóhannssyni

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.)

Málið er höfðað á hendur ákærða Jens Jóhannssyni, kt. 000000-0000, Flúðaseli 12, Reykjavík, með ákæru útgefinni 22. ágúst 2006.

I.

Í ákæru, sem gefin er út af ríkissaksóknara, er höfðað mál á hendur ákærða „fyrir hegningarlaga brot með því að hafa laugardaginn 17. desember 2005, á ófyrirleitinn hátt, stofnað lífi og heilsu Brynhildar Jónsdóttur, fyrrum eiginkonu sinnar, í augljósan háska, er hann ók bifreið sinni yfir steiptan kant á bifreiðastæði fyrir utan veitingastaðinn McDonald's, Smáratorgi 5, Kópavogi, að Brynhildi sem gengið hafði fram fyrir bifreiðina á meðan hún var kyrrstæð, en hún gat með naumindum komið sér frá bifreiðinni.“

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af kröfum ákærvalds og til vara nái sýknukrafa ekki fram að ganga er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði að öllu leyti skilorðsbundin.

II.

Um aðdraganda þessa máls segir í frumskýrslu lögreglu að Brynhildur Jónsdóttir hafi komið á varðstofu ásamt foreldrum sínum þann 25. desember 2005. Hafi henni verið nokkuð niðrifyrir vegna hegðunar fyrrverandi sambýlismanns hennar. Kvað hún hann hafa fært henni jólapakka en að í pakkanum hafi verið kaðall með hengingarhnút. Kvaðst Brynhildur hafa skilið við eiginmann sinn, Jens Jóhannsson,

í júlí síðast liðnum. Þá sagði Brynhildur að hann hafi tvívegis reynt að aka á hana og að í seinna skiptið hafi það verið hjá McDonald's, Smáratorgi þar sem vitni hafi verið að atburðinum. Hún kvaðst hafa verið að fara með börnin tvö sem þau eiga saman til hans, en hún hafi ekki treyst sér til þess að hitta hann á heimili sínu og viljað vera í fjölmenni en vinkona hennar hafi verið í för með henni og orðið vitni að atburðinum. Brynhildur kvað Jens hafa keyrt yfir steyptan kant framan við matsölustaðinn til þess að ná til hennar.

### III.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi sest undir stýri og Brynhildur hafi verið að spenna dóttur þeirra í bílbelti í aftursæti bifreiðarinnar. Hann hafi sett bílinn í gang er Brynhildur hafi gengið fram fyrir bílinn og í áttina að sínum bíl og hafi hann sett bílinn í gir þegar hún hafi verið kominn vel fram fyrir miðju á bílnum. Kvaðst hann telja að Brynhildur hafi verið kominn vel framhjá bílnum þegar hann ók af stað. Hann hafi ekið áfram yfir steyptan kant sem afmarkar bílastæðin og til vinstri í átt frá Brynhildi. Kvaðst hann telja að ekki hafi verið mikil hætta á því að hann æki á hana. Sagði ákærði að það hafi hentað honum betur að aka áfram yfir kantinn en að bakka út úr stæðinu eins og á stóð í þetta skipti. Kvað hann Brynhildi hafi verið í um það bil fimmtíu sentímetra fjarlægð frá bílnum eða meira þegar hann hafi ekið af stað. Aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa orðið þess var Brynhildur hafi þurft að forða sér til þess að verða ekki fyrir bílnum. Kvaðst ákærði hafa verið þunglyndur og ósáttur við Brynhildi á þessum tíma. Ákærði kannaðist við að hafa séð vitnið Vilborgu sitja inni í bíl Brynhildar einu eða tveimur bílastæðum frá. Ákærði bar svo að honum hafi ekki legið neitt á í umrætt skipti en að betra hafi verið að aka áfram en að bakka vegna lýsingar á svæðinu. Sagði ákærði að þrátt fyrir að Brynhildur hafi ekki verið í meiri fjarlægð frá bílnum en 50 sentímetra þá hafi hann litið svo á að hún væri ekki í neinni hættu. Aðspurður kvaðst hann hafa verið á jeppabifreið.

Vitnið Brynhildur Jónsdóttir sagði fyrir dóminum að hún hafi verið búin að spenna annað barnið í bílbeltið í bíl ákærða, þá hafi hún gengið fram með bílnum bílstjóramegin og svo fram fyrir hann af því að hún hafi talið það öruggari leið en að ganga fyrir aftan hann vegna þess að hún hafi búist við því að ákærði myndi bakka út úr stæðinu. En þegar hún hafi verið kominn á að giska hálf leið fyrir framan bílinn hafi hún heyrt ákærða gefa í og bílinn nálgast hana þar sem hún gekk á kantinum sem skilur bílastæðið frá götunni. Kvaðst Brynhildur hafa rétt náð að hlaupa frá svo að bílnum væri ekki ekið á hana. Kvaðst vitnið telja að kanturinn sem hún gekk eftir hafi verið rúmlega tíu sentímetra hár og nokkuð breiður. Sagði vitnið að hún hafi, að fenginni reynslu, síður viljað ganga fyrir aftan bílinn af ótta við að ákærði myndi bakka á hana. Kvað hún sinn bíl hafa verið staðsettan í sömu bílastæðalengju en einu eða tveimur stæðum frá og bíll vinkonu hennar í næsta stæði við hliðina og hafi hún staðið fyrir utan bíl sinn. Sagði Brynhildur að ákærði hafi sagt í sín eyru er hún hafi spurt hann í símtali milli þeirra hvort hann hafi virkilega ætlað að keyra á hana „já og hvað með það“. Taldi vitnið að það hafi bjargað henni að það hafi tekið bílinn smátíma að komast yfir kantinn. Það sem vakið hafi hjá henni flýtvíðbrögð hafi verið að bílum hafi verið gefið kröftuglega inn.

Vitnið Vilborg Auðunsdóttir sagði fyrir dóminum að hún hafi séð Brynhildi festa börnin í bílbelti síðan hafi Brynhildur gengið fram með bílum og fram fyrir hann eftir kanti sem þar var. Þá hafi bílnum verið gefið inn og honum ekið yfir kantinn sem Brynhildur var á og hafi hún þurft að hoppa frá bifreiðinni til þess að forða sér. Kvaðst vitnið telja líklegt að Brynhildur hefði orðið fyrir bílnum hefði hún ekki forðað sér. Sagði vitnið að Brynhildur hefði verið nær hægra horni bílsins þegar þetta gerðist og verið komin langleiðina framhjá þegar ákærði ók beint yfir kantinn. Sagði vitnið að henni hafi brugðið mjög og talið Brynhildi í hættu. Sjálf hafi hún staðið fyrir utan bifreið sína þegar þetta hafi gerst. Sagði vitnið að bílinn hafi verið um 20 sentímetra frá Brynhildi þegar hann hafi ekið af stað í áttina að henni. Lýsti vitnið umferðinni þarna í kring á þann veg að meiri umferð hafi verið fyrir aftan bílastæðin en fyrir framan þau og að lýsing á svæðinu hafi verið ágæt. Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna hvort hún eða Brynhildur hafi séð um aksturinn þegar þær hafi bakkað út af stæðinu eftir umrætt atvik.

Vitnið Helgi Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður upplýsi að hann hafi farið á vettvang og hafi hann mælt kanta á umræddu svæði og hafi kantar inn á bílastæðum mælst 10 til 11 sentímetrar á hæð. Taldi vitnið engin tormeðki á því að ganga eftir þeim.

#### IV.

Ákærði og vitni hafa um margt borið eins hér fyrir dóminum um atvik þessa máls. Framburður ákærða fyrir dóminum hefur verið nokkuð á reiki hvað staðsetningu Brynhildar við bifreið ákærða varðar er hann ók af stað og eins um það hvort hann hafi talið hana í hættu eða ekki. Hann hefur ýmist borið að Brynhildur hafi verið komin framhjá jeppabifreið hans þegar hann hafi ekið af stað, yfir steypa kantinn sem afmarkar bifreiðarstæði og akbraut en einnig að hún hafi verið stödd við hægri hluta framenda bifreiðarinnar. Að auki hefur ákærði annars vegar borið að hann hafi talið á þeim tíma að ekki hafi verið mikil hættu á því að hann myndi aka á Brynhildi og hins vegar að hún hafi ekki verið í neinni hættu. Ákærði neitar því að ásetningur hans hafi staðið til þess að valda Brynhildi tjóni eða stofna heilsu hennar í augljósan háská.

Vitnin Brynhildur og Vilborg hafa borið eins fyrir dóminum um að Brynhildur hafi verið fyrir framan bifreið ákærða er hann ók af stað og að hún hafi með naumindum náð að forða sér frá því að verða fyrir bifreiðinni.

Ákærði bar fyrir dóminum að hann teldi að fjarlægð milli bílsins og Brynhildar hafi verið um 50 sentímetrar. Vitnið Villborg bar á þá leið að um 20 sentímetrar hafi verið á milli Brynhildar og bifreiðar ákærða, þegar hann tók af stað. Ákærði kveðst þó viss um að hún hafi aldrei verið í hættu og að hann hafi ekki ætlað að valda henni tjóni eða hræða hana á nokkurn hátt, hann hafi beygt til vinstri en að Brynhildur hafi verið við hægra horn bifreiðarinnar. Fyrir dóminum kvaðst ákærði ekki hafa verið á hraðferð en gaf þá skýringu fyrir því að hafa ekið yfir kantinn, en ekki bakkað út úr stæðinu eins og ætlast er til á þessu svæði, að það hafi hentað honum betur eins og á stóð og að lýsingu á svæðinu hafi verið ábótavant.

Með hliðsjón af þeim framburði ákærða, þar sem hann viðurkennir að hafa ekið yfir umræddan steypa kant töluvert nálægt Brynhildi, eða um 50 sentímetra fjarlægð,

og með framburði vitnanna Brynhildar Jónsdóttur og Vilborgar Auðunsdóttur, telst vera komin fram lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem tilgreind er í ákæruskjali. Verður fallist á það að ákærði hafi með framferði sínu stofnað lífi eða heilsu Brynhildar Jónsdóttur, fyrrum eiginkonu sinnar, í augljósan háska er hann ók bifreið sinni yfir steiptan kant á bifreiðastæði, í átt að Brynhildi sem gengið hafði fram fyrir bifreiðina á meðan hún var kyrrstæð. Ákærði hefur með því gerst sekur um brot sem telst réttilega heimfært til 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður að telja brot ákærða sérlega hættulegt þar sem tilviljun ein að réði því að Brynhildur varð ekki fyrir tjóni og gat með naumindum komið sér frá bifreiðinni. Ekki verður fallist á það með ákærða að einungis eigi að færa brot hans undir 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Við ákvörðun um viðurlög ber að líta til þess að hið refsiverða atferli var háskalegt og hefði hæglega getað valdið Brynhildi alvarlegu lífs- eða líkamstjóni. Á hinn bóginn ber líta til þess að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði en rétt þykir að skilorðsbinda tildæmda refsingu að fullu.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað sem er ekki annar málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur héraðsdómslögmanns, 124.500 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

## D Ó M S O R Ð

Ákærði Jens Jóhannsson sæti fangelsi í 2 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga. nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur héraðsdómslögmanns, 124.500 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Sveinn Sigurkarlsson

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofu Héraðsdóms Reykjaness, 5. desember 2006.